



FUNDARGERÐ 502. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 4. september 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja staðfund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Drög að áætlun SORPU bs. kynnt

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir drögum að áætlun SORPU fyrir rekstrarárið 2025.

2. Breytingar á gjaldskrá fyrir mengaðan jarðveg – minnisblað

Framkvæmdastjóri kynnir tillögu að breytingu á gjaldskrá fyrir mengaðan jarðveg.

Stjórn samþykkir að lækka gjaldskrá fyrir móttöku á menguðum jarðvegi úr 51,7 krónu á kíló í 31 krónu á kíló, auk virðisaukaskatts.

3. Framlenging á samningi við PwC um innri endurskoðun SORPU bs.

Framkvæmdastjóri kynnir tillögu um framlengingu á samningi við PwC um innri endurskoðun SORPU bs.

Afgreiðslu málsins er frestað til næsta stjórnarfundar.

4. Bótaábyrgð Mannvits (nú COWI) í kjölfar dóms um skaðabótaskyldu SORPU gagnvart ÍAV

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 08:18.

Haraldur Flosi gerir grein fyrir stöðu rekstrar máls vegna meintrar bótaábyrgðar Mannvits, nú COWI, í kjölfar dóms um skaðabótaskyldu SORPU gagnvart ÍAV vegna byggingar GAJU.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og lögmanni að halda rekstri málsins áfram.

Haraldur Flosi vísar af fundi klukkan 08:37.



Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 18. september klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:44.



Frá: Torfa Jóhannssyni og Valgeiri Páli Björnssyni
Til: Stjórnar SORPU
Efni: Tillaga að breyttri gjaldskrá fyrir mengaðan jarðveg

1. september 2024

Tillaga að breyttri gjaldskrá fyrir mengaðan jarðveg

Samantekt

- Gjald fyrir móttöku á menguðum jarðvegi á urðunarstað er nú 51,7 krónur á kíló auk virðisaukaskatts
- Við ákvörðun gjaldsins í gjaldskrá haustið 2023 var gert ráð fyrir að 3.000 tonn af menguðum jarðvegi bærust á urðunarstað árið 2024
- Reykjavíkurborg hefur tilkynnt SORPU að magn mengaðs jarðvegs verði nær 6.000-8.000 tonnum árið 2024
- Vegna kostnaðaruppbyggingar gjaldskrár SORPU hefur meira magn á ári áhrif til lækkunar
- Við endurútreikninga á verði á menguðum jarðvegi, í bland við bættu meðhöndlun, er áætlað að kostnaður SORPU við meðhöndlun hans það sem eftir lifir ári verði 31 kr./kg.
- Lagt er til við stjórn að nýtt verð á menguðum jarðvegi taki gildi hið fyrsta, og verði 31 kr./kg til loka árs 2024.

Minnisblað

Eftirspurn eftir afsetningu og meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs er mikil og viðurkenndur farvegur héraendis ekki til staðar. SORPA fékk, til að mæta þessari eftirspurn, tímabundið rannsóknarleyfi til að taka á móti olíumenguðum jarðvegi og hefja vinnslu á honum. Meðhöndlunin gengur út á að blanda olíumenguðum jarðvegi við lífræn efni – í þessu tilviki moltu frá GAJU – og sérstök íblöndunarefni til að auka hraðar niðurbrots olíumengaða jarðvegsins. Sú aðferð er dýrari en sú meðhöndlun sem áður tíðkaðist á olíumenguðum jarðvegi á urðunarstað, þar sem honum var blandað saman við lífrænan úrgang, sem mikið framboð var af á urðunarstað til ársins 2023.

Við ákvörðun á gjaldi fyrir móttöku á menguðum jarðvegi á urðunarstað SORPU í Álfsnesi haustið 2023 var gert ráð fyrir að aðeins um 3.000 tonn af menguðum jarðvegi myndu berast. Vegna uppbyggingar gjaldskrár SORPU hefur magnminnkun að jafnaði í för með sér hækkandi kostnað. Gjald fyrir móttöku á menguðum jarðvegi var því ákveðið 51 króna á kíló, auk virðisaukaskatts.

Nú er áætlað að magnið verður nær 6.000 til 8.000 tonnum árið 2024. Með auknu magni, en dýrari meðhöndlun, er kostnaður við meðhöndlun á hverju kíló af menguðum jarðvegi áætlaður um 31 króna á kíló, auk virðisaukaskatts. Vegna þessa mikla kostnaðarmunar er því lagt til að gjaldskrá fyrir móttöku á menguðum jarðvegi verði breytt til lækkunar, og verðið lækkað úr 51 krónu á kíló í 31 krónu á kíló, auk virðisaukaskatts.